

Tófustraumurinn ætlaði aldrei að enda

● Krían er góður nágranni æðarvarps og varar við tófunni

SVÍDSLJÓS

Texti: Guðni Einarsson
Ljósmyndir: Ragnar Axelsson

„Kríuvarpið er gríðarlega mikilvægt því krían víesar svo vel á hvar tófan er. Það fer allt kríugerið upp og argast í tófunni begar hún kemur,“ sagði Hermann Ólafsson, útvegsbóni í Grindavík og æðarræktandi á Stað. Undanfarið hefur hann verið vakinn og sofinn við að verja æðarvarpið fyrir ágangi vargs og þar er tófan verst að hans mati.

Margir afræningjar

Æðarfuglinn verpir á undan kríunni og tófan kemur strax að ræna eggjum. Minkurinn er líka kræfur eggjaræningi. Eftir að krían er orpin virðist tófan frekar kjósa kríueggini og rænir þeim óspart.

Komist tófa í varpið verður mikið uppnám og fuglinn flýr af hreiðrunum. Það ophar kjóa, mávi og hrafni greiða leið að eggjum eða ungum. Hermann sagði að fengi tófan að valsa um óáreitt eyðilegðist varpið því fuglinn héldist ekki á hreiðrunum. Egg og ungar yrðu óvarin fyrir vargi, veðri og vindum. Hætt væri við að eggini klektust ekki eða ungarnir dræpust væru þeir ekki étnir.

„Ég var grenjaskytta á árum áður og begar grenjaleit var hætt hér í Grindavík fór þetta bara á einn veg,“ sagði Hermann. Tófunni stórfjölgæði að hans mati. „Ríkið virðist ekki hafa efní að halda varginum niðri en mér finnst að eitthvað annað mætti nú missa sín á undan því.“ Hermann sagði nauðsynlegt að sveitarfélögin á Reykjanesi tækju höndum saman um að halda tófunni niðri. Það þýddi ekkert að veiða hana í einu sveitarfélagi ef henni væru gefin grið í hinum. Hann kvaðst viss um að tófan ætti stærstu sökinu á því að rjúpan hefði ekki náð sér á strik á Reykjanesi, þrátt fyrir langa friðun fyrir veiðum.

Sannur útvegsbóni

Hermann er sannkallaður útvegsbóni. Hann rekur ásamt fleirum sjávarútvegsfyrirtækið Stakkavík ehf. sem gerir út og verkar fisk. Það er hann með um 150 ær á fóðrum á veturna í félagi við aðra og á auk þess hesta.

„Ég tók eftir fjúkandi dún um allt



Æðarbóni Hermann talaði við æðarkollurnar og þær virtust þekkja hann.



Æðarfugl Blikarnir halda sig nálægt kollunum á meðan þær liggja á.



Vargar Mörg egg og ungar enda í gini óboðinna gesta.



Varðmenn varpsins Fuglahræðan Stanley og Hermann æðarbóni.

begar ég kom í æðarvarpið fyrir hádegi á föstudaginn var,“ sagði Hermann. „Svo sá ég svakalegt kríuger við Íslandslox og þar var þá refur klukkan ellefu fyrir hádegi! Mér tókst að na honum. Ég vann við að tína dún alveg til miðnættis og sá aðra tófu koma. Þá hrindi ég í Jóhannes Vilbergsson frænda minn og bað hann að koma. Við skutum fimm tófur um nótina hér í varpinu. Nótina áður höfðu veiðst tvær og aðrar þrjár þar á undan eða átta tófur á einum sólarhring og ellefu tófur alls í síðustu viku.“

Öjafnvægi í náttúrunni

Hermann segir að stundum sé talad um að náttúran nái jafnvægi en hann telur langt í að tófan komist í jafnvægi.

„Fugl uppi í tré eða ókleifu bjargi sleppur við tófuna en ekki fugl sem verpir á jörðinni. Tófurnar koma bara ein af annari. Ég hélt að tófustraumurinn ætlaði aldrei að taka enda í síðustu viku,“ sagði Hermann.

Byrjað var að hlúa að æðarvarp-

inu á Stað eftir að vikur rak þar að fjörur í Surtseyjargosinu. Vorid eftir komu tólf æðarkollur og gerðu sér hreiður í vikrinum í flóðmörkunum. Síðan hefur æðarvarpið verið Hermanni hugleikið.

„Mér finnst gaman að kollunum og það er líf mitt og yndi að vasast í þessu á vorin. Ég verð alveg brjál-aður begar tófan er að eyðileggja þetta,“ sagði Hermann. Hann sagði að æðarkollurnar væru flestar mjög vanafastar og yrpu í sama hreiðurstæði ár eftir ár. Þó er áberandi að kollan hefur hörlað undan þar sem vargurinn hefur átt greiðastan að gang og flutt sig á öruggari staði. Hermann hefur fjarlægt hundruð tonna af grjóti sem sjóinn bar inn á gömlu túnin næst sjónum. Kollurnar gera sér gjarnan hreiður í holunum eftir steinana. Hermann segir að sé varpið varið og því sinnt á réttan hátt laðist nýjar kollar að. Æðarfuglinn sækji í friðinn sem fylgi umhíðunni.

Pótti Stanley þaulsætinn

Æðarvarpið er afgirt en tófan smýgur undir girðingarnar. Hermann hefur velt því fyrir sér að setja rafstreg neðst á girðinguna. Hann er með margar fuglahræður og mesta athygli vekur glaðleg og vel búin fuglahræða sem situr í sólstóli úti á túni með íslenskar veifur.

„Pessi er kallaður Stanley,“ sagði Hermann og hagræddi varðmanninum sem hafði skekkst í stólnum. „Kunningi minn átti hann og hafði á skemmtistað en Stanley var stolið þaðan. Lögreglan rakst svo á mannum miðja nótt í Keflavík sem var með Stanley á herðunum. Stanley endaði svo hér í varpinu.“

Það er ástæða fyrir því að fuglahræðan fékk nafnið Stanley eftir einum fyrirverandi starfsmanni Hermanns.

„Það kom strákur með mér hingað úteftir þegar ég var að kíkja á varpið. Hann tók eftir þessum náunga sem sat hér sallarólegur úti í varpi og spurði hver þetta eiginlega væri. Ég svaraði í hálfkærtingi að þetta væri Stanley, en strákurinn kann-aðist vel við hann úr vinnunni. Hann spurði furði lostinn:

„Hvernig nennir hann eiginlega að hanga allan daginn þarna úti í varpi? Ég átti ekkert almennilegt svar við því,“ sagði Hermann og hló.

einthetað alveg
einstakt



Galleri List
1987-2012

Skipolt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is



úrvall einstakra málverka og listmuna
eftir íslenska listamenn

